

Mótt. 10/1 1967.

0000000

=====  
S T A R F S K Ý R S L A  
=====

=====  
SKÓGARVARDARINS Í EYJAFIRÐI 1966  
=====

=====  
Á R M A N N D A L M A N N S S O N  
=====

0000000000

S T A R F S S K Ý R S L A

skógarvarðarins í Eyjafirði fyrir árið 1966 .

oo

VEÐURFAR.

Árið 1966 var að því leiti óhagstætt fyrir skógargróður, að snjóalög voru óvenjumikil og vegna þess, hve austanstormar voru tíðir þegar mest snjóaði, þá urðu mjög þykkir skaflar í lautum og brekkum vestan Vaðlaheiðar. Kom þetta illa niður á trjágróðri í Vaðlaheki og Garðsárreit. Brotnaði þar allmikið, einkum birki og einnig nokkrar af álitlegustu rauðgreniplöntunum í Garðsárreitnum. Feikna mikill (snjóþyngsli voru einnig í Gfundarreit. Þar hallar undan N-A og var allur skógurinn svo að segja á kafi í fönn. Þar brotnuðu tré niður í stórum stíl. Að öðru leiti má segja að veðráttan 1966 hafi verið hagstæð skógargróðri. Í Gróðrarstöð félagsins urðu engar skemmdir og þar dafnaði allt með besta móti í sumar.

Yfirlit samkvæmt veðurathugunum á Akureyri 1966:

	Meðalhiti. C	Úrkoma. mm	Hitasumma.
Janúar .....	- 3,47	34,9	
Febrúar .....	- 5,89	35,8	
Mars .....	- 3,18	42,0	
Apríl .....	1,32	20,6	
Mái .....	4,43	19,1	137,45
Júní .....	10,30	23,0	309,06
Lúlí .....	10,49	41,7	325,16
Ágúst .....	9,18	21,0	284,70
September .....	6,94	10,4	208,20
Október .....	1,24	30,9	
Nóvember .....	- 0,41	52,8	
Desember .....	- 3,38	57,0	
Meðalhiti ársins	2,30		
Úrkomumagn ársins .....		389,2	
Hitasumma sumarsins, maí - sept. ....			1264,57

Þrátt fyrir svona lágan meðalhita ársins, þá hefur hitasumma sumarmánaðanna verið töluvert hærri en 1965. Trjásmælingar sýna líka mun meiri vöxt s.l. sumar. Hitasumman er samanlagður meðalhiti daganna í hverjum mánuði, en meðalhiti hvers dags er meðaltal 8 mælinga.

## II.

Það voraði seint og klaki fór mjög seint úr jörðu, en eftir að vorbati kom í lok maí, þá hélst hagstætt vorveður og gekk því vel með sáningar, þó seint væri.

Tré fóru að laugvast um mánaðarmótin maí-júní. 4. júní hef eg skrifað í dagbók: Tré eru nú sem áðast að laufgvast og lerki orðið grænt. 8. júní er skrifað: Tré eru nú orðin allaufgvuð. 12. júní er skrifað: Síðustu daga hafa verið um og yfir 20 st. hiti. Gróðri hefur farið mjög mikið fram.

Fræfall í haust var með meira móti, var safnað allt að 15 kg af birkifræi og sendar þrjár tilraunaprufur að Mógilsá.

LAUFFALL. 17. sept. er skrifað: Birki er byrjað að gulna í Vaglaskógi og víðar, einnig Vaglabirki í Vaðlaskógi. Alaskabirki er einnig farið að sölna mikið. 26. sept: Vaglabirki er að verða lauflaust. Lauf er farið að fjúka af Alaskaöspum, þegar golar. 30. sept. Bæjarst. birki er orðið gult. 19. okt. Lauffalli lokið í Leyningshólum. 27. okt. Lauffalli næstum lokið á Bæjarst. birki.

### GIRÐINGAR.

Girðingar komu ver undan þessum vetri en nokkru sinni áður, síðan eg tók við skógarvarðarstarfi. Þyrfti að leggja mun meiri vinnu í aðgerðir og endurbætur á girðingum um skógarreitina og hefur það ásamt vaxandi starfi við grisjun og klippingu óhjákvæmilega dregið úr gróðursetningarstarfinu.

### GRISJUN.

Grisjun var með langmesta móti, einkum í Vaðlaskógi, Grundarreit og Garðsárreit. Þyrfti þó að leggja enn meira starf í það. Í flestum skógarreitunum var einnig klippt birki frá barrplöntum og plöntur klipptar til.

### GRÓÐRARSTÖÐIN.

Yfirlit um rekstur Gróðrarstöðvar Skógræktarfélag. Eyf. í Kjarna.

#### SÁNING:

Tegund	kvæmi	nr.	kg	ferm.
Birki	Bæjarstaður	641	1,0	80
"	Vaðlaskógur		1,0	10
"	Garðsárreit		1,4	15
Rauðgreni	Löten	665	0,6	30
Sirkagreni	Hómer	580	2,25	12
Brodd- og blágreni	Sapinero	<del>283</del>	0,1	6
Bergfura	Mt. Louis	<del>655</del>	0,5	12
Stafafura	Ft. St. J.	<del>671</del>	<del>6,2</del>	24
Þib. lerki	Raivola	656	1,0	6
"	Altai	652	1,5	60
Samtals			9,55	255

## III.

Haustsáning. Reyni- og runnafra  
Samtals sáð í

9 ferm.

264

"

GRÆDLINGAR:	Tegund.	Fjöldi.
	Alaskaösp .....	1,914
	Gulvíðir .....	506
	Grávíðir .....	407
	Pingvíðir .....	1,518
	Selja .....	110
	Viðja .....	4,578
	Ribs .....	670
	Sólber .....	441
	Samtals .....	10,144

DREIFSETNING:	Tegund.	Kvæmi	Aldur	Fjöldi.
	Rauðgreni	B-599	2/o	17,472
	Brodd- og blágr.	Sapinero	2/o	10,731
	Bergfura	Ht.Confl.	2/o	11,556
	Stafafura	B.Rd.	2/o	9,720
	Sitkabastarður	Moose Pass	2/o	1,785
	Rússalerki	Sénkursk	2/o	43,872
	Birki	Bæjarstaður	2/o	6,648
	"	"	3/o	7,560
	Samtals .....			109,344

## SKÖGARPLÖNTUR AFHENTAR UR GRÖÐRARSTÖÐ FELAGSINS:

Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fjöldi.
Rauðgreni	Grane Vefsen	2/4	5,540
Sitkagreni	Hómer	3/2	13,850
"	"	3/3	26,500
Sitkabastarður	Moose pass	3/3	6,740
Blágreni	Sapinero	3/3	20
Bergfura	Pyreneafj.	3/2	2,050
Stafafura	Skagway	3/2	3,460
Lindifura	Thaspit Rayon		10
Sib.lerki	Raivola	2/2	1,200
"	Arkangelsk	2/2	22,812
Birki	Bæjarstaður	2/o	700
"	"	3/o	670
"	"	2/2	360
Samtals .....			83,912

## GARÐPLÖNTUR AFHENTAR ÚR GRÓÐRARSTÖÐ FÉLAGSINS:

Tegundir.	Fjöldi.
Rauðgreni .....	20
Sitkagreni .....	3
Hvítgreni .....	5
Blágreni .....	4
Broddgreni .....	1
Bergfura .....	3
Stafafura .....	2
Lindifura .....	1
Fjallapínur .....	5
Hvítpínur .....	4
Lerki .....	9
Birki .....	292
" í limgerði .....	458
Reynir .....	34
Gráreynir .....	3
Alaskaösp .....	7
Álmur .....	5
Þingvíðir .....	334
Viðja .....	314
Ribs .....	107
Fjallaribs .....	14
Sólber .....	27
Stikilsber .....	18
Rauðblaðarós .....	1
Sib.baunatré .....	46
Blátoppur .....	1
Dúntoppur .....	256

..... Samtals ..... 1,974 pl. ....

## GRÓÐURSETNING Á VEGUM SKÓGRÆKTARFÉLAGS EYFIRDINGA:

	Greni	Fura	Lerki	Birki	Fjöldi.
Skógræktarfélag Eyf. 38,140		1,720	792	100	40,752
Sk.r.deild Öng.	20	10	290	575	895
" Saurb.hr.	50	100	50	200	400
" Ak.	10,000	20,000	15,060		27,060
" Skriðuhr.	250		1,000	250	1,500
" Ársk.str.		300	700	300	1,300
Einstakl.	1,490	830	620	205	3,145
Samtals .....	49,950	4,980	18,542	1,630	75,052

## Skógrækt ríkisins

Vagllir þelamörk 2,000 2,000

Afgreitt til annara

utan héraðs 2,700 660 5,500 8,860

Alls til gróðursetningar ..... 85,912 pl.

## SKJÓLBELTI:

Gróðursett var í skjólbelti í Öngulstaðahr. 500 pl. hvítgreni, en áður var búið að gróðursetja birki í skjólbelti þar eða á 5 bæjum í Kaupangssveitinni, Þórustöðum, Svertingsstöðum, Hjarðarhaga, Ytra-Hóli og Garðsá. Skógrækt ríkisins (Skjólbeltaráktunin) lagði til greniplönturnar, en Skógr. fél. Eyf. annaðist gróðursetningu.

Á Naustum II á Akureyri og Hlöðum í Glæsibæjarhr. var einnig gróðursett í skörð. Úflit á skjólbeltunum má teljast gott. Öll eru þau vel girt.

AÐTLUN UM PLÖNTUR TIL AFHENDINGAR 1967.			
	Vor	Haust	Alls
SKÓGARPL: Rauðgreni .....	20,500		20,500
Sitkagreni .....	7,100	600	7,700
Hvítgreni .....	5,000	10,000	15,000
Bergfura .....	1,000		1,000
Broddfura .....	500		500
Brodd- og blágreni .....		6,000	6,000
Sitkabastarður .....		4,000	4,000
Lerki .....	20,500		20,500
Fjallapínur .....	3,500		3,500
Birki .....	21,500		21,500
Samlagt .....	79,600	20,600	100,200

GARÐPL: Rauðgreni .....	250	Flutt .....	3283
Sitkagreni .....	500	Heggur .....	6
Hvítgreni .....	180	<del>askur</del> Elri ..	50
Sitkabastarður ..	50	Sib. baunatré	200
Blágreni .....	30	Gulvíðir ...	500
Broddgreni .....	20	Grávíðir ...	150
Bergfura .....	9	Þingvíðir ..	800
Broddfura .....	30	Viðja .....	3500
Lindifura .....	60	Mispill ....	10
Fjallapínur ...	50	Dísarunnur ..	19
Hvítþínur .....	40	Blátoppur ..	15
Birki .....	1000	Rauðtoppur .	6
Reynir .....	140	Dúntoppur ..	12
Gráreynir .....	100	Ribs .....	150
Alaskaösp .....	700	Sólber .....	100
Sib. ösp .....	100	Stikilsber .	30
Álmur .....	4		
Flutt .....	3283	8811	8,811
Alls .....			109,011

## VEGAGERÐ.

Vegurinn upp í Kjarna var heflaður einu sinni og gerðar nauðsynlegar aðgerðir á honum. Nýjar vegagerðafrankvæmdir voru engar á árinu.

## LEIÐBEININGAR.

Þær voru með svipuðum hætti og áður, einkum varðandi gróðursetningar, gerð og hirðingu skjólbelta o.s.frv.

## MÆLINGAR.

Hér fara á eftir sýnishorn af mælingum á trjám, sem gerðar voru í haust, fyrst og fremst á þeim afmörkuðu reitum, sem mælt hefur verið á undanfarin ár:

				Meðaltal.	
				Hæð m	Ársspr.cm
1.	Birki 3/o	gróðursett	1952 í Kjarnaskógi	2,534	19,5
2.	" 2/2	"	1954 " "	2,541	24,4
3.	Lerki 2/2	"	1958 " "	2,120	36,8
4.	Sitkagr.Cord.	"	1959 " "	0,489	10,1
5.	Rauðgr.Drefja	"	1959 " "	0,248	2,0
6.	Lerki Hakask.	"	1951 " Vaðlaskógi	4,148	25,7
7.	Stafaf.2/2	Skagw.	" 1959 " "	0,699	12,4
8.	" " "	"	1963 " Miðhálsst.	0,216	2,8
9.	Lerki	Askis	" 1959 " "	0,974	17,7
10.	"	Hakask,	" 1954 " "	2,188	32,0
11.	"	Raiv.	" 1956 " Leyningshólum	1,505	25,1
12.	"	Askis	" 1959 " "	0,646	21,6
13.	Rauðgr.	Snasa	" 1959 " "	0,531	3,6
14.	"	Grane	" 1960 " Garðsárreit	0,647	6,4

Allar eru þessar mælingar gerðar á 100 ferm.reitum, nema nr.6 og 10 og allstjar er mælingin gerð árlega á sömu reitum.

Plöntutalan í haust reyndist vera þessi:

Á reit nr. 1	49	Á reit nr. 8	75
" " " 2	53	" " " 9	41
" " " 3	66	" " " 10	86
" " " 4	47	" " " 11	46
" " " 5	54	" " " 12	53
" " " 6	93	" " " 13	51
" " " 7	61	" " " 14	67

Eins og sjá má á þessu, latur nærri að um 5 þús.pl.séu á ha.

## HEIMSÓKNIR OG FERDIR.

Auk starfsmanna Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Ísl.voru hér á ferðinni erlendir skógræktarmenn. Þýskur skógarvörður var hér nokkra daga, eftir að hafa ferðast um örfafi landsins ýmist einn síns liðs eða með ferðafélögum: Jón Dalman rakst á hann uppi í Ódádahraun og tók hann með til byggða. Var hann hjá okkur nokkra daga og tók þátt í gróðursetningarferð í Kóngstaðaháls.

Einn bekkur úr Barnaskóla Akureyrar kom í kynnisför suður í Kjarna undir leiðsögn kennara sinna. Skoðuðu þau fyrst og fremst gróðrarst. og fóru svo gönguferð upp að Hamraklettum.

Eg tók þátt í bændaför Búnaðarfélags Íslands til Englands í byrjun des. Tók ferðin rúma viku og var skoðuð landbúnaðarsýningin í Smithfield og farnar kynnisfarir út um land, þar sem skoðaðar voru tilraunastöðvar fyrir landbúnað, búgarðar og verksmíðjur, sem framleiða landbúnaðarvélar. Á ferðunum um sveitir Englands vöktu skjólbeltin athyggli margra bænda, hver svo sem afstaða þeirra var til skógræktar á Íslandi.

Starfslið.

Eins og undanfarin ár vann drengjaflokkur (12-14 ára) á vegum Skógræktarfélags Eyf. og Ak-deildarinnar. Voru þeir við gróðursetningu 6 vikur í vor og 3 vikur eftir miðjan ágúst. Var mest öll gróðursetningin framkvæmd af þeim og öðru starfsliði félagsins. Verkstjóri við gróðrarstöðina var eins og áður Jón D. Ármannsson. Var hann hjá félaginu frá maíbyrjun til októberloka. Alls hafa 30 manns tekið þátt í störfum félagsins á árinu, sumir þó aðeins fáa daga, aðrir nokkrar vikur og enn aðrir lengur.

## HÁNEFSSTAÐIR Í SVARFADARDAL.

Þar voru engar nýjar framkvæmdir. Jörðin var leigð, eins og áður, sama manni. Eiríkur Hjartarson dvaldi þar um tíma í sumar og hafði umsjón með trjáreitnum. Gróðursettar voru þar 200 pl.

## SALA JÓLAGREINA.

Sölu á jólagreinum Landgræðslusjóðs annaðist eg eins og áður. Var salan mjög svipuð og árið áður. Af greni mun þó hafa selst um 100 kg meira. Sala á furugreinum var mjög lítil, nægði fyllilega það, sem tekið var í Vaðlaskógi. Til útiskreytinga virtist vera keypt minna en áður. Þessi jólasala hefur undanfarin ár gefið félaginu nokkrar tekjur, vegna þess hvað tilkostnaður hefur verið lítill.

Akureyri 6. jan. 1967